

**35. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA**

Þritugasti og fimmti fundur í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannaástaða var haldinn fimmtudaginn 15. ágúst 2013 kl. 8:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

**Viðstaddir:** Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

**Frá FMS:** Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Baldur Pétursson, Sólrún Anna Jónsdóttir og Katrín Gylfadóttir

**1. Nýtt greiðslufirlit styrkþega (SAJ).**

Sólrún fór yfir greiðslufirlit styrkþega og greindi frá stöðu Framkvæmdasjóðsins. Enn er eftir að greiða út lokagreiðslur vegna 16 verkefna af 30 verkefnum sem fengu styrki í fyrstu og einu úthlutun ársins 2012.

Sólrún mun senda ítrekun á þá sem ekki hafa svarað tölvupóstinum sem hún sendi út 4. júlí um lokafrest til að skila lokaskýrslu vegna úthlutunar 2012. Hringt verður í þá sem láta enn ekkert í sér heyra til að fresturinn fari ekki fram hjá neinum. Ef engin viðbrögð verða mun þeim verða gert ljóst að samningi muni verða rift og endurgreiða þurfi það sem þeim var greitt við undirritun samnings. Farið verður fram á að myndir fylgi lokaskýrslu styrkþega.

**Þjónustumiðstöð við Dettifoss:**

Ekki hefur enn verið skrifað undir samning vegna þjónustumiðstöðvar við Dettifoss. Í nýlegum tölvusamskiptum Ferðamálastofu og Þórðar Ólafssonar VJP kom fram ósk um breytingar á samningnum þar sem hann tæki ekki nóg tillit til þess að um ríkisstofnun væri að ræða. Það mál er enn óleyst. Verkefnið hefur hins vegar tafist vegna deilu við landeigendur. Verklök samkvæmt verkáætlun eru áætluð 1. desember en fyrirsjáanlegt er að þeim mun seinka vegna deilunnar. Formaður mun hafa samband við Þórð Ólafsson VJP vegna stöðu framkvæmda.

**Þjónustumiðstöð Þjóðgarðsins Snæfellsjökull á Hellissandi:**

Formleg beiðni frá Ólafi A. Jónssyni hjá Umhverfisstofnun kom í tölvupósti til Sólrúnar. Ólafur óskaði eftir því að frestur á undirritun samnings yrði framlengdur til 1. október. Áætluð verklök framkvæmda samkvæmt verkáætlun eru 1. september og engin frekari gögn fylgdu með beiðninni.

Stjórn sjóðsins samþykkir að veita Umhverfisstofnun frest til þess að koma með nýja verkáætlun til 1. október. Jafnframt óskar stjórnin eftir staðfestingu á því að af þessari framkvæmd verði samkvæmt framlagðri verkáætlun en um 400 milljóna ríkisframkvæmd er að ræða.

**Hakið:**

Sólrún mun hafa formlegt samband við Ólaf Örn Haraldsson þjóðgarðsvörð á Þingvöllum og óska eftir því að lokaskýrsla berist, en samkvæmt verkáætlun voru verklök áætluð 1. júní s.l.

**2. Nýr umhverfisstjóri á ferðamálastofu.**

Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt hefur verið ráðinn nýr umhverfisstjóri hjá Ferðamálastofu. Björn mun hefja störf 9. september næstkomandi.

**3. Áætluð dagsetning auglýsingar fyrir næstu úthlutun**

Á næsta fundi verður tekin ákvörðun um það hvenær auglýst verður eftir nýjum umsóknum.

**4. Fyrirspurn til ráðuneytis um áætlaða fjárveitingu á fjárlögum 2014**

Formaður mun senda erindi til ráðuneytisstjóra Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um hvaða upphæð er nú verið að áætla til sjóðsins á fjárlögum 2014.

**5. Önnur mál**

Baldur upplýsti um áherslu ráðherra á að úthluta styrkjum sem fyrst. Stjórn sjóðsins benti á að með því að auglýsa í lok september er ekki raunhæft að stefna á úthlutun fyrr en í lok nóvember þar sem umsóknarferlið tekur a.m.k. 3 vikur, úrvinnslan 2-3 vikur og mat á verkefnum 3-4 vikur. Nýr starfsmaður, fjöldi umsókna og fleiri atriði, svo sem afgreiðsla fjárlaga getur einnig haft áhrif.

Á næsta fundi mun Baldur leggja fram tillögu að endurskoðuðum starfsreglum sjóðsins í samráði við nýjan umhverfisstjóra FMS.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 17. september kl. 8:30

Fundi slitið 10:30

Reykjavík 15. ágúst. 2013/Katrín/Albína.

Albína Thordarson  
Guðjón Bragason  
Sævar Skaptason  
Anna G. Sverrisdóttir